



Skólaþjónusta Múlaþings

Áratuga farsælu starfi Skólaskrifstofu Austurlands lauk 31. júlí sl., en gengið hafði verið frá því að sveitarfélögin, Fjarðabyggð og Múlaþings tækju við starfsemi skólaþjónustunnar frá 1. ágúst. Starfsemi skólaþjónustusveitarfélaga er skilgreind í 40. gr. grunnskólalaga nr. 9172008 og kveðið á um nánari útfærslu í reglugerð 444/2019.

Hlutverk og markmið með starfsemi skólaþjónustunnar koma fram í 2. gr. reglugerðarinnar:

- *Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.*
- *Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.*
- *Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.*

Starfshópur sem vann að undirbúningi flutnings verkefna skólaþjónustunnar til sveitarfélagsins hafði eftirfarandi hugtök að leiðarljósi í vinnunni:

FARSÆLD – FAGMENNSKA – FORVARNIR

Eftirtaldir starfsmenn starfa nú við Skólaþjónustu Múlaþings:

- *Jarþrúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi*
- *Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi*
- *Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingur*
- *Stefanía Malen Stefánsdóttir, ritari*
- *Fræðslustjóri, Helga Guðmundsdóttir, veitir starfseminni forstöðu.*

Ekki tókst að ráða skólasálfræðinga til starfa við Skólaþjónustuna, þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar en við höfum verið svo heppin að ná samstarfssamningi við Sálstofuna í Reykjavík, sem sinnir verkefnum skólasálfræðinga fyrir nokkur sveitarfélög og munu sálfræðingar Sálstofunnar koma í reglulegar ferðir austur til að sinna þeim verkefnum sem liggja fyrir.

Mikið og náð samstarf verður við Austurlandsteymið enda eru mörg verkefni Skólaþjónustunnar og Austurlandslíkansins nátengd og vonir standa til að aukið samstarf, með yfirfærslu verkefna Skólaþjónustunnar til sveitarfélagsins, muni efla mjög starfsemi í þágu barna og fjölskyldna á fjölskyldusviði sveitarfélagsins.

Verið er að undirbúa innleiðingu á beiðna- og málakerfi fyrir Skólaþjónustu Múlaþings, þangað til mun verklag og beiðnakerfi Skólaskrifstofu Austurlands vera nýtt fyrir nýjar beiðnir um aðkomu Skólaþjónustunnar að málum.

Bent er á að enn er heimasíða Skólaskrifstofu Austurlands, skolaust.is, aðgengileg og þar má finna margt gagnlegt efni fyrir foreldra og starfsfólk skóla.

Egilsstaðir 20. september 2021

Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is